

2. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 1.apríl 2022 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Bjarnheiður J.Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði tekur þátt í fjarfundi, G.A.Á. boðaði veikindaforfall og í stað hans mætir Úlfar Eyjólfsson Krossnesi.

Oddviti ritar fundargerð. Tvö aukamál hafa borist eftir að fundagögn voru afhent og óskar oddviti eftir að þeim verði bætt við. Hreppsnefnd samþykkti það og verða þau tekið fyrir í lok fundar og verða þau nr. 11 og 12.

Dagsskrá fundar;

1. Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfélaga varðandi hringrásarkerfi úrgangsmála. Lagt fram til kynningar og umræðu.
2. Húsnæðismál hvað er til ráða, eigum við að skoða nýjar aðferðir sem ríkið, HSM og fleiri hafa komið af stað?
3. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, lagt fram til kynningar.
4. Kostnaður vegna hitaveiturannsókna/endurgr. vsk. vegna sérfræðipjónustu.
5. Framkvæmdir við verslunarrýmið, kostnaður og fleira.
6. Sorphirðu- og rotþróargjöld, fara yfir gjaldskrár frá öðrum sveitarfélögum. Senda auglýsingu í Stjórnartíðindi B-hluta.
7. Umsókn um starfsleyfi vegna Bergistanga, taka fyrir og samþykkja.
8. Póstur frá Nefndarsviði Alþingis, óskað eftir umsögn um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.
9. Kaup á lóð út úr landi Árnass 1, tölvupóstur frá Biskupsstofu og byggingarfulltrúa.
10. Tölvupóstur frá Þjóðskrá Íslands lagður fram til kynningar.

1. Bréf frá Sambandi ísl.sveitarfélaga varðandi hringrásarkerfi úrgangsmála. Lagt fram til kynningar og umræðu. Hreppsnefnd ræddi málin og mun kynna sér það betur.
2. Húsnæðismál hvað er til ráða, eigum við að skoða nýjar aðferðir sem ríkið, HSM og fleiri hafa komið af stað? Málin voru rædd vítt og breytt, hreppsnefnd ákvað hvernig gert verður upp leiguhúsnæði. Ennfremur var rætt að skoða nánar hvað við gerum við bílskúrinn við skólann.
3. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, lagt fram til kynningar.
4. Kostnaður vegna hitaveiturannsókna/endurgr. vsk. vegna sérfræðipjónustu. Oddviti upplýsti um kostnað sveitarfélagsins vegna verkefnisins.

5. Framkvæmdir við verslunarrýmið, kostnaður og fleira. Hreppsnefnd er mjög ánægð með hvernig til hefur tekist.

264.

1. Sorphirðu- og rotþróargjöld, fara yfir gjaldskrár frá öðrum sveitarfélögum. Senda auglýsingu í Stjórnartíðindi B-hluta. Hreppsnefnd ákvað að hækka þurfi gjöldin og oddviti mun sjá um útfærsluna.
2. Umsókn um starfsleyfi vegna Bergistanga, taka fyrir og samþykkja. Hreppsnefnd fór yfir málin, hefur engar athugasemdir og felur oddvita að senda staðfestingu. Athuga þarf með aðila sem hægt er að fá til eldvarnaeftirlits.
3. Póstur frá Nefndarsviði Alþingis, óskað eftir umsögn um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ákveðið var að athuga málin síðar.
4. Kaup á lóð út úr landi Árneshrepps 1, tölvupóstur frá Biskupsstofu og byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd Árneshrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðar sem skeytt verður við Árneshrepps 2.
5. Tölvupóstur frá Þjóðskrá Íslands lagður fram til kynningar.
6. Tillaga kom fram um að núverandi íbúar í skólaíbúð þurfi ekki að flytja út en fái að vera áfram í íbúðinni. Meirihluti hreppsnefndar ákvað að svo skyldi verða.
7. Erindi frá Jóni Gísla Jónssyni, starfandi oddvita Strandabyggðar um fyrirhugað ferli til að leggja niður Héraðsnefnd Strandasýslu sem ekki hefur verið starfrækt lengi. Lagt fram til kynningar og samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 16:00.